

# Helstu fréttir

## Sveitarfélagið Stykkishólmur

7. tbl. 3. árg.

27. júní 2025

### Gjaldtaka á hafnarsvæði



Gjaldtaka bílastæða á hafnarsvæðinu í Stykkishólmi hefst í sumar.

Fyrir í þessum mánuði hófst gjaldtaka við almenningssalerni á höfninni í Stykkishólmi. Salernin tvö eru mikið notuð af ferðamönnum og fáheyrt orðið að aðstaða sem þessi sé gjaldfrjáls eins og verið hefur í Stykkishólmi. Gjaldtaka á salernum og bílastæðum hefur aukist hratt á Íslandi undanfarin ár, hvort sem er

innan bæjarmarka, við fjölsóttu ferðamannastaði eða annarsstaðar. Gjaldtaka fyrir bílastæði á höfninni í Stykkishólmi hefur verið til umræðu í stjórnslu sveitarfélagsins um nokkurt skeið en bæjarstjórn samþykkti samþykkt um bílastæðasjóð Stykkishólms og gjaldskrá bílastæðasjóðs á fundi sínum í júní 2024. Nú

hefur verið samið við Parka lausnir ehf. um að sjá um gjaldheimtu fyrir bílastæði á hafnarsvæðinu sem hefst nú í sumar. Til að byrja með verður komið upp skiltum og merkingum sem gefa til kynna að um gjaldskytt svæði sé að ræða. Greitt verður fyrir stæðin í Parka appinu en engin greiðsluvél verður á

svæðinu fyrst um sinn. Eftirlit með svæðinu verður á höndum hafnarvarðar og öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins sem taka mildilega á málum fyrst um sinn. Í ljósi þess að svæðið er ekki hefðbundið bílastæði, heldur einnig atvinnusvæði þar sem t.d. bátaeigendur þurfa að komast að atvinnutækjum sínum hafa verið fundnar lausnir á því. Ekki er gert ráð fyrir að bátaeigendur greiði fyrir bílastæði. Gjaldtakan miðar fyrst og fremst að ferðafólki sem sem leggur bílum sínum á höfninni á meðan það skoðar bæinn, gengur upp í Súgandisey eða ferðast með Baldri. Þá verður einnig rúkað fyrir rúustæði. Stóra bílastæðið við minnismerkið, á heimleið, verður langtímastæði, rúustæði verða á Stykkinu en önnur verða skammtímastæði. Greinargóð og skýr skilti verða sett upp á svæðinu svo þeir sem þar fari um átti sig vel á gjaldtökunni og fyrirkomulaginu.



## Blómlegt mannlíf undanfarna daga



*Hljómsveitin Glymur kom, sá og sigraði á 17. júní.*

Mannlífið í Stykkishólmi er jafnan blómlegt á sumrin og hefur það heldur betur verið upp á teningnum undanfarið. Þó nokkuð afviðburðum hafa verið haldnir í Stykkishólmi og eru fleiri framundan. Golfsamband Íslands hélt upp á Golfdaginn í Stykkishólmi sunnudaginn 22. júní og bauð upp á skemmti-

lega kynningu á grun-  
natriðum golfþróttarinnar undir handleiðslu PGA golfkennara, ásamt leikjum og grillveislu fyrir þátttakendur. Stykkishólmur cocktail week fór fram dagana 16. – 22. júní. Á hátíðinni kepptu þátttökubarir og veitingastaðir í bænum um að blanda bestu kokteilana og nutu þyrstir

bæjarbúar og gestir góðs af. Afraunakeppninn Fjallkonan fór fram í Snæfellsbæ og Stykkishólmi 15. og 16. júní. Keppnin var fyrst haldin í fyrra þar sem margar af sterkustu konum landsins tóku á honum stóra sínum. Mikil ánægja var með keppnina og var hún nú haldin í annað skipti. Fleiri keppendur

voru skráðir til leiks í ár og engu til sparað. Þá var þjóðhátíðardagurinn haldinn með pompi og prakt þann 17. júní þar sem mikið var um að vera og fjölmargt fólk í bænum. Það er ýmislegt á döfnni í Hólminum í sumar og ljóst að hér þarf engum að leiðast.

## Mikið fjör á 17. júní



*Fjallkonan flytur ljóð.*

Þjóðhátíðardagur okkar íslendinga var haldinn hátíðlegur um land allt þann 17. júní síðastliðinn. Hátíðardagskráin í Stykkishólmi var ekki af verri endanum frekar en vanalega og fundu allir eitthvað við sitt hæfi í veðurbliðunni. Íris Fönn Pálsdóttir var fjallkonan í ár og Þóra Margrét Birgisdóttir ræðumaður dagsins. Hljómsveitin Glymur

skemmti viðstöddum í Hólmgarðinum áður en mannföldinn lagði leið sína að gamla bankatúninu þar sem skátarnir buðu upp á carnival og tunnulestin sívinsæla var á ferðinni. Að lokum lögðu margir leið sína í hótélbrekkuna þar sem slökkviliðsmenn sprautuðu froðu í brekkuna og börnin putu niður með hlátrar-sköllum.



## Skotthúfan 2025



Þjóðbúningahátíðin Skotthúfan verður haldin laugardaginn 28. júní. Hátíðin hefur fest sig í sessi og setur hún

bæði fagran brag á annars fallegan bæ þegar áhugafólk af öllu landinu heimsækir Stykkishólm í sínu fínasta pússi. Byg-

gðasafn Snæfellinga- og Hnappdæla hefur veg og vanda að hátíðinni og hefur fóstað hana frá fyrstu tíð. Í ár er því fag-

nað að þjóðbúningadagur hefur verið haldinn í Stykkishólmi í 20 ár og er dagskráin afar vegleg af því tilefni. Norska húsið verður opið frá kl. 11:00 til 17:00 en yfir daginn verður ýmislegt að sjá við Tang og Riis og í gamla frystihúsinu við Aðalgötu 1. Auk þess munu félagar úr þjóðdansafélagi Reykjavíkur kenna áhugasömum íslenska þjóðdansa fyrir utan Norska húsið kl. 16:15. Hægt er að kynna sér dagskránná nánar vefsíðu sveitarfélagsins, stykkisholmur.is.

## Unga fólkið tekur til hendinni



Ungmennni vinnuskólans hafa staðið sig með þryði við að snyrta og fegra bæinn undanfarið.

Vinnuskólinn hófst 16. júní síðastliðinn og hefur heldur betur tekið til hendinni í bænum. Öflug ungmenni vinnuskólans hafa síðan þá unnið að því að kraka,

sópa, og snyrta bæinn svo sómi sé af. Markmið vinnuskólans er ekki einungis að bæta bæjarbrag og fegra nærumhverfið, heldur einnig að veita ungmennum



Það getur tæplega talist annað er yndislegt að vinna úti í góðra vina hóp og fallegu umhverfi Stykkishólms.

góða reynslu á vinnu- markaði. Fyrir marga er þetta fyrsta launaða starfið og gegnir mikilvægu hlutverki í að móta vinnumenningu, ábyrgðartilfinningu og

samvinnuhæfni. Að sögn verkstjóra vinnuskólans hefur verið góður andi í hópnum og ungmenntin sýnt bæði dugnað og frumkvæði.



## Framkvæmdir í íþróttasal og sundlaug



Framkvæmdir í íþróttasal standa nú yfir.

Umfangsmiklar framkvæmdir standa nú yfir í íþróttamiðstöðinni í Stykkishólmi þar sem unnið að því að skipta um parket á íþróttasalnum. Framkvæmdir ganga vel, en nú er

verið að grinda salinn áður en ullinni verður komið fyrir. Að lokum verður svo parketlagt með nýju og glæsilegu parketi. Framkvæmdir við pottasvæði á sundlaugarbakkanum standa

einnig yfir og er nú er farið að sjá fyrir endann á þeim. Íbúar geta því gert ráð fyrir að komast í pottana von bráðar. Þá er sauna- og infrarauður klefi á leið til landsins en honum verður komið

fyrir á bakkanum við hlið pottanna. Búið er að undirbúa lagnir fyrir komu klefans og verður því litil vinna að koma honum í notkun þegar hann hefur verið hífður á sinn stað.

## Tónlistarhátíðin Heima í Hólmi



Valdimar spilaði í gömlu verbúinni á Reitarvegi í fyrra.

Dagana 11 - 12. júlí verður tónlistarhátíðin Heima í Hólmi haldin í annað sinn. Hátíðin er hugarfóstur Hjördísar Pálsdóttur sem sér um

undirbúning og skipulag. Á hátíðinni fara fram tónleikar í heimahúsum, heimagörðum eða á óvenjulegum stöðum vísvegar um

bæinn. Fjöldi vandaðra listamanna koma fram á hátíðinni og ætti enginn tónlistarunnandi að láta þennan stórskemmtilega viðburð framhjá sér fara. Meðal þeirra sem fram koma á hátíðinni í ár eru Svavar Knútur, Soffía, Snorri Helgason, Katla Njálsdóttir, Hólmararnir Birta og Friðrik Sigþórsbörn, Svenni Davíðs, hljómsveitin Skelbót og hinn eini sanni Herbert Guðmundsson. Hægt er að kynna sér dagskrána nánar á [stykkisholmur.is](http://stykkisholmur.is)

## Næsta blað

Vegna sumarfría verður næsta tölublað Helstu fréttu gefið út í byrjun septembermánaðar. En ekkert blað verður gefið út í byrjun ágúst. Fréttir má áfram nálgast á vef sveitarfélagsins, [stykkisholmur.is](http://stykkisholmur.is).

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson aðstoðarmaður bæjarstjóra.